

Þjónustu stuðningsfjölskyldna við fötluð börn – Gjaldská

Fjölskyldusvið Mosfellsbæjar fer með málefni fatlaðs fólks fyrir Kjósarhrepps

Samþykkt á 10. fundi félags-, æskulýðs- og jafnréttisnefndar Kjósarhrepps 25.03.2019

Samþykkt á 196. fundi hreppsnefndar Kjósarhrepps 02.04.2019

1. gr.

Kjósarhreppur greiðir stuðningsfjölskyldu fatlaðs barns þóknun fyrir hvern sólarhring sem barnið dvelur hjá fjölskyldunni. Greiðslur eru stigskiptar eftir umfangi fötlunar og umönnunarþörf. Þær styðjast við umönnunarmat frá Tryggingastofnun ríkisins og þá flokkun sem fram kemur í reglugerð þar að lútandi. ⁽¹⁾

Fjárhæð greiðslna frá og með 1. janúar 2019 er sem hér segir:

1. fl.: Börn sem eru algerlega háð öðrum með athafnir daglegs lífs.

Greiddar eru kr. 33.603 fyrir hvern sólarhring

2. fl.: Börn sem þurfa verulega aðstoð við athafnir daglegs lífs og gæslu.

Greiddar eru kr. 26.004 fyrir hvern sólarhring.

3. fl.: Börn sem þurfa minni aðstoð en skv. 1. og 2. fl. en þurfa eftirlit við athafnir daglegs lífs.

Greiddar eru kr. 20.022 fyrir hvern sólarhring.

Greiðslur til stuðningsfjölskyldna eru skattaskyldar verktakagreiðslur en draga má frá kostnað samkvæmt reglum Ríkisskattstjóra sem fjölskyldusvið Mosfellsbæjar vísar á.

2. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af hreppsnefnd Kjósarhrepps, með vísan til 10. gr. í reglum Kjósarhrepps um þjónustu stuðningsfjölskyldna fyrir fötluð börn og fjölskyldur þeirra, og gildir frá og með 1. janúar 2019.

1) Reglugerð nr. 504/1997, með síðari breytingum, um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna.